

ari og minna jafnvel á köflum á fuglasönginn í verkum Messiaen, en yfir öllu ríkir ósvikinn, en sérkennilegur friður.

Útsetningin fyrir fiðlu og píanó er ný, og er í grunninn umritun á upptökunni, en í henni er leitast við að búa til samtal milli fiðlunnar og píanósins, sem verður nánara og nánara eftir því sem á verkið líður.

*Hjörtur Ingvi Jóhannsson*

**Ingrid Karlsdóttir** er fædd í Reykjavík árið 1984. Hún hóf að leika á fiðlu sjö ára gömul og stundaði nám við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins, Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands, þaðan sem hún útskrifaðist með B.M. gráðu vorið 2004. Það ár lék hún einleik í fiðlukonsert Sibelíusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að prófi loknu hélt hún til Bandaríkjanna og stundaði framhaldsnám í tónlist við Oberlin Conservatory í Ohio þaðan sem hún útskrifaðist vorið 2007.

Ingrid hefur komið víða við í íslensku tónlistarlífi, leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og Kammersveitinni Ísafold, tekið þátt í upptökum og leikið á tónleikum með hljómsveitunum Múm, Hjaltalín og Amiinu. Árið 2013 ferðaðist hún um heiminn og lék á tónleikum með hljómsveitinni Sigur Rós. Ingrid er stofnmeðlimur tónlistarhópsins Kúbus.

**Bjarni Frímann Bjarnason** er fæddur í Reykjavík árið 1989. Hann hóf að leika á fiðlu fjögurra ára gamall og stundaði nám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann lauk prófi í lágfiðluleik frá Listaháskóla Íslands vorið 2009. Frá 2011 hefur hann stundað nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Tónlistarháskólann Hanns Eisler í Berlín. Vorið 2012 vann hann fyrstu verðlaun í Hanns Eislerkeppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Sama ár hlaut hann undirleikaraverðlaunin í ljóðasöngkeppni sem kennd er við Paulu Salomon-Lindberg í sömu borg. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann stjórnar strengjasveitinni Skark, sem hefur á undanförunum árum staðið fyrir nýstárlegum flutningi nútímatónlistar.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert*

*Ingrid Karlsdóttir*

fiðla

*Bjarni Frímann Bjarnason*

píanó



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 8. júlí 2014 kl. 20:30

Viðfangsefni **Johanns Sebastian Bach** mótuðust ekki eingöngu af eigin innblæstri og innsæi, heldur einnig ytri aðstæðum. Mörg þekktustu veraldleg verk sín samdi hann í Köthen 1717–1723 er hann starfaði við hirði Leópolds prins sem var kalvinisti og sóttist ekki eftir nýrri kirkjutónlist. Á þessum árum samdi Bach nánast enga trúarlega tónlist, sem annars skipar öndvegi í sköpunarverki hans, en þá urðu til mörg hans helstu meistaraverk á sviði veraldlegrar tónlistar, meðal annars hinar sex sönötur og partítur fyrir einleiksfiölu. *Partíta nr. 2* er í 5 köflum, fyrstu fjórir eru danskaflar sem finna má í barokksvítum, en sá síðasti er risavaxin chaconne yfir endurtekinn hljómagang. Hér verða fluttir fyrstu fjórir kaflarnir, allemande, courante, sarabande og gíga.

Rússneska tónskáldið **Dmitri Shostakovich** átti í nánu samstarfi við fiðlusnillinginn David Oistrakh og samdi Fiðlusónötuna ópus 134, sem sextugsafmælisgjöf til hans. David og Sviatoslav Richter frumfluttu verkið árið 1969.

Þetta er krefjandi verk þar sem Shostakovich nýtir sér hugmyndir annars Vínarskólans með tilvísunum í tólfónaraðir, en þó á mjög frjálsan hátt, þannig að stíllinn er greinilega hans. Fyrsti kaflinn byrjar á langri tónaröð sem spannar stóran hluta píanósins og birtist bæði í upprunalegri og speglaðri mynd, sem síðan birtist í ýmsum myndum eftir því sem líður á. Annar kaflinn er hratt, orkumikið scherzo, fullt af taugaspennu og kaldhæðni. Lokakaflinn er að stærstum hluta passacaglia (tilbrigði yfir endurtekinn grunnbassa), sem er er róleg og íhugul framan af, en sækir í sig veðrið og nær hápunkti í brjálæðislegri, ægilegri orku, í kadensum fyrir bæði hljóðfæri. Allt fellur saman að lokum, ekki í ljúfa löð, heldur myrka og djúpa.

**Bill Evans** var bandarískur píanisti og tónskáld sem gjörbylti djasspíanóleik með því að kynna til sögunnar nýtt tónmál og spilamennsku sem byggði m.a. á litríkum hljómunum vinstri handar við miðbik píanósins og glitrandi, oft rytmískt flóknum laglínunum hægri handar. Hann var klassískt menntaður og í leik hans mátti heyra áhrif frá Satie, Debussy og Ravel, en þekking hans og innblástur náði langt út fyrir frönsku impressionistana - raunar til vestræns tónlistararfs eins og hann leggur sig.

*Peace Piece* er upprunalega spunaverk fyrir píanó sem einkennist af endurteknu þrástefi vinstri handar, sem er byggt á útsetningu Evans á laginu *Some Other Time* eftir Leonard Bernstein. Það var tekið upp fyrir aðra breiðskífu hans, *Everybody digs Bill Evans* (1959), en um það leyti var hann meðlimur í hljómsveit Miles Davis - sama gegnumgangandi stef má einmitt finna í laginu *Flamenco Sketches*, af plötunni *Kind of Blue*. Evans spinnur margvíslegar línur yfir þennan hljómagang, sem verða alltaf ómstríðari og ómstríð-

## Efnisskrá

J. S. Bach  
1685 – 1750

Úr partítu í d moll BWV 1004  
Allemanda  
Corrente  
Sarabanda  
Gíga

Dmitri Shostakovich  
1906 – 1975

Sónata fyrir fiölu og píanó ópus 134  
*i* Pastorale  
*ii* Allegro Furioso  
*iii* Variations on a Theme

Bill Evans  
1929 – 1980

Peace Piece